

# Skóla-akur



Vefrit um skólamál 13. tbl. 10. árg. 19. október 2016

Myndir augnabliksins eru frá bleika deginum í Síðuskóla.



## Þróunarstarf í Hriseyjarskóla.

Í vor fengu Hriseyjarskóli og Grímseyjarskóli úthlutað úr sprotasjóði til þróunarstarfs í skólunum. Verkefnið heitir „Leiðtogar í eigin námi“ eitt af markmiðum verkefnisins er - Að losa um stundaskrá og opna möguleika á lotutengdu og áhugasviðstengdu námi. Strax var hafist handa í Hriseyjarskóla við að vinna með stundaskrána og hún sett upp í lotur eins og myndin sýnir.

|  |  |  |        |
|--|--|--|--------|
| lestur, íslenska, spil, umræður, spjall, lífsleikni, innlögn                   |  |  |        |
| morgunmat  |  |  |        |
| Stærðfræði, íslenska, sam/samnátt, enska, danska,                              |  |  |        |
| Hreyfistund, yndisauki, yoga, lífsleikni, söngstund,                           |  |  |        |
| Stærðfræði, íslenska, sam/samnátt, enska, danska,                              |  |  |        |
| matur, útvist og hvíld   |  |  | áætlun |
| verkgreinar; í lotum þrjár vikur, sund, text, mynd, smíði, heimilisfræði, uogt |  |  |        |
| valtímar, klára ýmis verkefni  |  |  |        |
| skólalok   |  |  |        |

Kjarnagreinar fá 2 klst. á dag og var farið í útreikninga á vægi hvorrar greinar fyrir sig, þar er unnið eftir þriggja vikna áætlunum. Í framtíðinni munu nemendur koma að vinnu áætlanna með foreldrum og kennurum auk þess að verða meðvitund um námsmarkmið sín, sem er annað markmið verkefnisins - Að kenna nemendum að skipuleggja nám sitt sjálfir með aðkomu foreldra.

Verkgreinar eru kenndar í þriggja vikna lotum og lýkur með sjálfsmati og umsögn kennara. Alltaf eru tvær greinar í gangi í einu og nemendahópnum skipt í tvennt (stelpur/strákar, yngri/eldri) og fara nemendur í báðar greinar til skiptis. Gestakennarar eru fengnir inn, nú erum við t.d. með forritara sem er að kenna forritun í upplýsinga- og tæknimennt á móti sundi.

Hreyfistund er alla daga til að hressa sig við á milli tíma. Eldri nemendur hafa fengið að koma að skipulagningu tímanna og leiða þá með aðstoð kennara. Þarna hafa nemendur komið inn með sín áhugasvið. Við í Skóla-akri munum fylgjast með þessu skemmtilega verkefni í eyjaskólunum í vetur.

## Vel heppnað skólaþing í Brekkuskóla.

Þriðjudaginn 11. október var haldið 45 manna skólaþing í Brekkuskóla um samskipti og líðan. Á þinginu völdu þingmenn eina af fjórum stöðvum þar sem ákveðið efni var til umræðu. Þingmenn létu hugmyndir sínar í ljós á miðum sem voru hengdir upp og flokkaðir eftir efni. Í gegnum þessa vinnu sköpuðust góðar umræður í hópunum. Í lokin voru hugmyndir hvers hóps kynntar.

Útkoman var hugmyndabanki sem styrkir enn frekar undirstöður skólustarfsins og nýtist til að gera góðan skóla enn betri. Hugmyndabankinn verður nýttur við endurskoðun á skólanámskránni. Það var mat þeirra sem sátu þingið að vel hefði tekist til.



Skóla-akur er vefrit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrisey, [lindamaria@akureyri.is](mailto:lindamaria@akureyri.is). Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

### Nýsköpun í 10. bekk Oddeyrarskóla.

Nemendur í 10. bekk hafa undanfarið unnið að nýsköpun í náttúrufræði. Nemendur unnu í hópum við að finna hugmyndir sem uppfylltu einhverja þörf í lífi þeirra á einhvern hátt. Þeir skiluðu af sér líkani og kynntu það. Á mánudaginn var foreldrum og nemendum á mið- og unglingastigi boðið á kynningu þar sem hóparnir sýndu sitt framlag. Nýsköpunin var fjölbreytt s.s. glær brauðrist, vélmenni sem sér um heimilisstörf, svifbretti og orkudrykkur. Verkefni voru fjölbreytt og skemmtileg. Á myndunum má sjá nemendur kynna sínar hugmyndir.



### Norræn leikskólaráðstefna á Akureyri.

Dagana 13. og 14. október s.l var haldin norræn vinabæjaráráðstefna hér á Akureyri. Yfirskrift ráðstefunnar í ár var „Barnets sidste år í børnehaven - på vej i skolen“. Þetta er í fjórða sinn sem norræna ráðstefnan er haldin hér á Akureyri en þátttakendur eru leikskólakennarar frá vinabæjum Akureyrar í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð auk Akureyrar.

Aðalfyrirlesari ráðstefunnar var dr. Guðrún Alda Harðardóttir prófessor í leikskólafræðum og skólastjóri við leikskólann Aðalþing í Kópavogi. Erindi hennar nefndist „En teoretisk modell om førskolebarns muligheder till lærande - eksempel ifrån förskolan Aðalþing“

Ráðstefnan fól að auki í sér heimsóknir í leikskóla á Akureyri og í Eyjafjarðarsveit, þar sem sú nýbreytni var gerð að allar vinnusmiðjurnar tíu voru haldnar innan leikskóla. Þannig slóu ráðstefnugestir tvær flugur í einu höggi, tóku þátt í vinnustofum og skoðuðu leikskóla í leiðinni.

Kennarar frá Íðavelli, Hulduheimum, Kiðagili, Krummakoti, Lundarseli og Naustatjörn stóðu fyrir vinnusmiðjum hver í sínum skóla. Aðrir skólar hóstu vinnusmiðjur frá hinum norðurlöndunum. Leikskólinn Hlíðaból hósti smiðju Álasunds. Vinnusmiðja Randers var í Tröllaborgum. Pálmholt hósti vinnusmiðju Västerås og kennarar frá Lahti héldu sína vinnusmiðju á Hólmasól.

Fjöldi þátttakenda var 160 manns. Dagskráin bauð upp á ýmislegt. Aðalfyrirlestur og menningarferð á Siglufjörð fóru fram á fimmtudeginum og heimsóknir og vinnusmiðjur á föstudeginum.

Næsta ráðstefna verður haldin í Lahti að ári.

### Þemastundir á Kiðagili.

Börnin á Engjarós eru að vinna ýmis verkefni úr bókinni Helgi skoðar heiminn. Þau útbjuggu m.a. fugla og egg sem sett voru í hreiður. Þau hafa einnig sungið lagið *ég fór í dýragarð í gær*. Börnin skiptust á að draga dýr upp úr poka, segja fyrsta stafinn og leggja á réttan bókstaf. Þau útbjuggu svo kríuna sem var svo frökk að stinga Helga næstum því í hausinn í bókinni. Hún var klippt út og máluð í réttum litum. Skemmtilegt verkefni og gaman að sjá einbeitinguna hjá börnunum við vinnuna.



### Hautfrí grunnskólanna.

Föstudaginn 21. október og mánudaginn 24. október eru haftfrí hjá grunnskólum bæjarins, þá er upplagt að njóta tímans með fjölskyldunni. Á Akureyri er hægt að njóta tímans á fjölbreyttum útivistarsvæðum, heimsækja söfn og sýningar, fara í sund og fleira. Skemmtilegar hugmyndir fyrir haftfríið má sjá á: <http://www.visitakureyri.is/is/ahugavert/hatidir-og-vidburdir/haustfri-a-akureyri>

### Frá ritstjóra.

Lesendur eru hvattir til að senda inn greinar og ábendingar um efni sem gagn og gaman er að. Einnig hvers konar þróunarverkefni, myndir, fréttir og annað sem erindi á í Skóla-akurinn.